


**ADHD** samtökin



**Krefjandi  
hegðun barna  
með ADHD**

**MÁLÞING 31. OKTÓBER**

**Ársskýrsla  
2025**

ADHD samtökin  
581-1110  
adhd.is  
adhd@adhd.is

# EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit		i
Yfirlit mynda		ii
<b>1</b>	<b>Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2025</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Fræðsluefni – Útgáfa</b>	<b>3</b>
2.1	Bæklingar	3
2.2	Útgáfa bóka	4
<b>3</b>	<b>Starfsemi ársins</b>	<b>5</b>
3.1	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna	6
3.2	Fyrirlestrar, fræðslu- og spjallfundir	7
3.3	TEAM ADHD – Reykjavíkummaráþon Íslandsbanka	7
3.4	Námskeið og fræðsla	8
<b>4</b>	<b>Ytri markaðsetning</b>	<b>11</b>
4.1	Samfélagsmiðlar	11
4.2	ADHD í beinni	11
4.3	Lífið með ADHD	11
4.4	Fjölmiðlaumfjöllun	12
4.5	Landsbyggðin	13
4.6	Ályktanir og umsagnir	14
4.7	Málþing – krefjandi hegðun barna með ADHD	15
<b>5</b>	<b>Samstarf</b>	<b>16</b>
5.1	Norrænt samstarf	16
5.2	ADHD Europe	16
5.3	ADHD World Federation	17
5.4	CHADD	17
5.5	Samstarf og starfshópar	17
5.6	Helstu áherslur	18
<b>6</b>	<b>Starfsmannamál</b>	<b>19</b>
<b>7</b>	<b>Stjórn samtakanna</b>	<b>20</b>
<b>8</b>	<b>Ársreikningur</b>	<b>21</b>

# YFIRLIT MYNDA

Forsíða	Auglýsingamynd frá málþingi samtakanna 2025	
Mynd 1	Auglýsing fyrir fræðslufund á ADHD í beinni	1
Mynd 2	Teygjuband í vefverslun samtakanna	2
Mynd 3	Nýr bæklingur samtakanna – Stúlkur, konur og ADHD	3
Mynd 4	Endurskinsmerki ADHD Samtakanna	4
Mynd 5	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna	6
Mynd 6	Mynd frá fræðslufundi í Hlíðarskóla á Akureyri	7
Mynd 7	Auglýsing fyrir Grunnskólinn og ADHD	8
Mynd 8	Auglýsing fyrir fjarnámskeiðið Áfram veginn!	9
Mynd 9	Kærleikur í Kaos – Rafrænt foreldranámskeið	10
Mynd 10	Logo ADHD í beinni	11
Mynd 11	Yfirlitskort af útibúum ADHD samtakanna um landið	13
Mynd 12	Umsögn um Grænbók um stöðu mála ADHD á Íslandi	14
Mynd 13	Mynd frá málþingi samtakanna 2025	15
Mynd 14	Logo ADHD Europe	16
Mynd 15	Stjórn ADHD Europe	17
Mynd 16	Starfsfólk samtakanna	19
Mynd 17	Mynd frá aðalfundi ADHD samtakanna 2025	20

# ÁRSSKÝRSLA ADHD SAMTAKANNA FYRIR ÁRIÐ 2025

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upphaflega foreldrafélag misþroska barna. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.

## ADHD OG SYSTKINI

ADHD  
samtökin



Auglýsing fyrir fræðslufund á ADHD í beinni

Samtökin vinna að markmiðum sínum með því að búa yfir eða eiga í samstarfi við aðila sem hafa framúrskarandi þekkingu á greiningu, meðferð og stuðningi við einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Þeirri þekkingu er miðlað til hagsmunaaðila með ráðgjöf og öflugu fræðslustarfi ásamt því að sinnt er markvissri hagsmunagæslu í eigin nafni eða í góðu samstarfi við aðra sem hafa sömu baráttumál á stefnuskrá sinni.

Liðið ár einkenndist af miklu aðhaldi í rekstri, eftir talsverða útpennslu og vöxt á liðnum árum. Starfsfólki fækkaði og kostnaði við fræðslu og viðburðarhald var haldið í lágmarki. Árið var engu að síður nýtt vel til að sinna brýnum hagsmunamálum, upplýsingagjöf, fræðslustarfi og námskeiðahaldi um allt land. Félagsmönnum fjölgaði úr 4776 í 5004 eða um 5%. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu en bak við þá tölu reynast yfirlétt mun fleiri þar sem ekki er óalgengt að aðrir fjölskyldumeðlimir glími einnig við röskunina.

Á árinu var starfsemi í öllum sjö útibúum samtakanna og mikil áhersla var lögð á samtal við stjórnvöld um stefnumörkun í málefnum fólks með ADHD, ekki síst í baráttu fyrir bættari og aukinni þjónustu við greiningar og meðferð vegna ADHD.

Líkt og undanfarin ár, grundvallast kraftmikil starfsemi ADHD samtakanna fyrst og fremst á rausnarlegum stuðningi almennings við samtökin. Á árinu nutu samtökin auk þess veglegs stuðnings frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, Mennta- og barnamálaráðuneytinu, Heilbrigðisráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Lýðheilsusjóði og ÖBÍ réttindasamtökum svo helstu styrktaraðilar séu nefndir.

Skrifstofa samtakanna var opin alla virka daga ársins. Samtökin veita forráðamönnum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli ýmissa félagasamtaka, sem deila húsnæði að Háaleitisbraut 13. ADHD samtökin eru þar að auki eitt af stofnfélögum Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og á að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.



**Liðið ár einkenndist af miklu aðhaldi í rekstri, eftir talsverða útpennslu og vöxt á liðnum árum. Starfsfólki fækkaði og kostnaði við fræðslu og viðburðarhald var haldið í lágmarki**

Teygju band í vefverslun samtakanna

# FRÆÐSLUEFNI

## Bæklingar

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga á liðnum árum. Nýir bæklingar eru gefnir út nánast árlega og þeir eldri endurgerðir og/eða endurprentaðir reglulega. Einnig er unnið að þýðingu allra fræðslubæklinga yfir á ensku og pólsku til að mæta þörfum sem flestra í íslensku samfélagi.

Árið 2025 kom út nýr fræðslubæklingur um Stúlkur, konur og ADHD á íslensku og ensku. Stefnt er að pólskri útgáfu sama bæklinga árið 2026.

Allir Fræðslubæklingar ADHD samtakanna fást án endurgjalds og standa öllum til boða. Þá er einnig að finna í rafrænni útgáfu á vefsíðu samtakanna [www.adhd.is](http://www.adhd.is)

## STÚLKUR, KONUR OG ADHD



ADHD  
samtökin

## Útgefnir bæklingar

Þeir bæklingar sem samtökin hafa gefið út eru:

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD 2011, endurbættur 2023)
- What is ADHD? (sami bæklingur á ensku 2016)
- Co to Jest? (sami bæklingur á pólsku 2016)
- Börn og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2019)
- Children and ADHD (sami bæklingur á ensku 2019)
- Dzieci i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2019)
- Stúlkur og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (sjálfshjálparbæklingur fyrir eldri börn og unglinga 2012, endurbættur 2023)
- ADHD utan skólastofunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla 2013, endurbættur 2023)
- Unglingar og ADHD (2014, endurgerður 2022)
- Teenagers and ADHD (sami bæklingur á ensku 2022)
- Młodzież z ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Náin sambönd og ADHD (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)
- Atvinna og ADHD (2019)
- ADHD in the Workplace (sami bæklingur á ensku 2022)
- Praca i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)

- Fullorðnir og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2020)
- Adults and ADHD (sami bæklingur á ensku 2020)
- Dorosli i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2020)
- Stúlkur, konur og ADHD (2025)
- Girls, women and ADHD (sami bæklingur á ensku 2025)

## Útgáfa bóka

Engar nýjar bækur voru gefnar út hjá samtökunum árið 2025, en unnið er að nýrri útgáfu með fræðslufni og hagnýtum upplýsingum um ADHD fyrir starfsfólk grunnskóla. Vonir standa til að bókin komi út árið 2026. Bækur ADHD samtakanna eru því þessar:

- ADHD og farsæl skólaganga (í samvinnu við Námsgagnastofnun, endurútgefin 2015)
- Leynardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálku, unglingar og ADHD (2017, endurútgefin 2021)
- Elli – Dagur í lífi drengs með ADHD (2020)
- Hámarksárangur í námi með ADHD (2010)
- Hámarksárangur í námi með ADHD – verkefnabók (2009)

## Endurskinsmerki ADHD Samtakanna


Hefðbundin sala á endurskinsmerkjum fór fram í októbermánuði, en að þessu sinni voru seld eldri endurskinsmerki með teikningum eftir Hugleik Dagsson. Með hverju merki fylgdi örbæklingur sem inniheldur helstu upplýsingar um ADHD.



# STARFSEMI ÁRSINS

ADHD samtökin fengu umtalsverða styrki á yfirstandandi ári, bæði með beinum styrkjum og í gegnum styrktarmannakerfi samtakanna, Snillingar ADHD samtakanna, sem nýttust vel til að efla starfsemina. Þúsundir einstaklinga og fyrirtækja lögðu samtökunum þannig lið og nutu skattaafsláttar í samræmi við skráningu samtakanna á almannaheillaskrá RSK.

Stærri styrkir bárust síðan frá Félags- og vinnumarkaðsráðherra, Mennta- og barnamálaráðherra, Heilbrigðisráðherra, Reykjavíkurborg, ÖBÍ, Lýðheilsusjóði, Reykjanesapóteki, Landvélum ehf, Reitum hf, Hlíðarskóla á Akureyri, Norðurþingi, Grindavík, Akureyri, Kópavogsbæ, Vogum, Flóahreppi, Múlapingi, Hvalfjarðarsveit og fleirum.



Þróun skráðra félaga frá 2022, aðeins þarf eina skráningu per heimili

# Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna voru veitt í fimmta sinn á árinu, en þau eru ætluð hverjum þeim sem með mikilsverðum hætti hefur lagt sitt af mörkum til bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi. Verðlaunin má veita til einstaklinga, félagasamtaka, stofnanna, fyrirtækja eða hverskyns lögaðila.

Sara Rós Kristinsdóttir hlaut Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna árið 2025 fyrir ómetanlegt framlag til fræðslu og valdeflingu fólks með ADHD og aðstandendur þeirra. Sara Rós tók á móti hvatningarverðlaunum við upphaf málþings ADHD samtakanna „Krefjandi hegðun barna með ADHD“, þar sem Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður og Bóas Valdórsson, varaformaður ADHD samtakanna afhentu henni viðurkenningarskjal og glæsilegt málverk eftir Berg Thorberg.

Sara Rós hefur á undanförunum árum verið áberandi í fræðslu ásamt því að vera talskona taugafjölbreytileika. Sjálf greindist hún á fullorðinsárum, sem hefur veitt henni dýpri innsýn og tækifæri til að mæta öðrum af skilningi. Sara tjáir sig af hreinskilni um eigin reynslu og gefur umræðunni mannlega dýpt. Sem foreldri barna sem tilheyra þessum hópi hefur hún á undanförunum árum orðið talskona taugafjölbreytileikans. Hún nýtir bæði fagþekkingu og eigin reynslu til að brúa bil milli kerfa, fjölskyldna og einstaklinga með valdeflandi nálgun, aðgengi og mannúðlegar lausnir að leiðarljósi. Sara Rós leggur ríka áherslu á að rödd barna, einstaklinga og fjölskyldna þeirra fái áheyrn og skilning innan samfélagsins.

Sara Rós er jafnframt einn stjórnenda hlaðvarpsins Fjórða vaktin, sem hún heldur úti ásamt Lóu Farestveit Ólafsdóttur í samstarfi við Sjónarhól ráðgjafarmiðstöð. Þar er fjallað um fjölbreytt málefni sem tengjast foreldrum langveikra og fatlaðra barna og samfélagslegum áskorunum þeirra. Einnig heldur hún úti öflugu samfélagi á Facebook undir heitinu „Skólamálin okkar,“ sem hefur um 2600 fylgjendur og orðin mikilvægur vettvangur fræðslu, umræðu og stuðnings.

Áður hafa Dr. Urður Njarðvík (2021), KFUM og KFUK (2022), Sjónarhóll - ráðgjafamiðstöð ses (2023) og Hljóðbókasafn Íslands (2024) fengið viðurkenninguna.



Frá vinstri til hægri: Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna, Sara Rós Kristinsdóttir og Bóas Valdórsson, varaformaður ADHD samtakanna.

# Fyrirlestrar, fræðslu- og spjallfundir

Á árinu voru haldnir 14 spjall- og fræðslufundir, flestir í beinu streymi í lokaða hópnum „ADHD í beinni“ til að tryggja aðgengi félagsfólks vítt og breytt um landið. Hátt í 500 einstaklingar „mættu“ á fundina og fylgdust með í rauntíma, annaðhvort á staðnum eða í streymi en auk þess voru upptökur af fundunum skoðaðar 4100 sinnum af félagsfólki ADHD samtakanna.

Á árinu fengu samtökin styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, ÖBÍ og Heilbrigðisráðuneytinu til að efla fræðslu samtakanna fyrir starfsfólk skóla, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verkefnið ber yfirskriftina ADHD 101 – fræðsla til farsældar. Á árinu voru haldin 30 fræðsluerindi/námskeið undir hatti verkefnisins, bæði á staðnum og í gegnum fjarfundarbúnað og voru þátttakendur á þeim ríflega 1300 – aðallega starfsfólk skóla.



Fullt hús á fræðslufundi í Hlíðarskóla á Akureyri

## TEAM ADHD

Reykjavíkummarþon Íslandsbanka fór fram í lok ágúst. Á annann tug einstaklinga hjóp fyrir ADHD samtökin að þessu sinni og söfnuðu þau vel á níunda hundrað þúsunda.

## Námskeið og fræðsla

Námskeiðahald var einfaldað talsvert frá fyrri árum og áhersla lög á þau námskeið sem best hafa gengið síðustu ár. Einnig var haldið áfram að bjóða uppá námskeið á ensku og pólsku. Kærleikur í Kaos – vefnámskeið fyrir aðstandendur barna með ADHD var einnig áfram í boði á vef samtakanna.

Á liðnu ári voru annars haldin 22 almenn námskeið á vegum samtakanna og sóttu þau um 360 einstaklingar, 95 karlar og 265 konur.

Líkt og undanfarin ár hafa námskeið samtakanna fyrir fullorðna verið mikið nýtt af VIRK og í síauknum mæli einnig af Vinnumálastofnun.

Þau námskeið sem ADHD samtökin buðu upp á árið 2025 voru þessi:

### GRUNNSKÓLINN OG ADHD

Fyrir grunnskólakennara og leiðbeinendur sem vinna með börnum með ADHD.



Grunnskólinn og ADHD - fjarnámskeið ætlað grunnskólakennurum.

# ÁFRAM VEGINN!

Fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD



Áfram veginn! - fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD

## ADHD og ég

Kynja- og aldursskipt sjálfsstyrkingarnámskeið sem ætlað 10-12 ára og 13-15 ára börnum með ADHD, annarsvegar drengjum og hins vegar stúlkum. Námskeiðið er í tveimur hlutum og yfir eina helgi.

## Taktu stjórnina

Færninámskeið fyrir fullorðna sem telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 4 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins en námskeiðið hefur verið haldið reglulega undanfarin ár. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar og Vinnumálastofnunnar.

## Grunnskólinn og ADHD

Fjögra tíma fjarnámskeið ætlað grunnskólakennurum.

## Leikskólinn og ADHD

Fjögra tíma fjarnámskeið ætlað starfsfólki leikskóla.

## Foreldranámskeið

Að venju var boðið upp á fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, annarsvegar fyrir aldurshópinn 6-12 ára og hins vegar 13-18 ára. Námskeiðið nær yfir tvo laugardaga og er ávallt vel sótt. Fyrirlesarar eru allir sérfræðingar í málefnum ADHD og búa yfir gríðarmikilli reynslu á því sviði. Námskeiðin eru bæði aðgengileg í gegnum streymi og á staðnum.

## Understanding ADHD

Fjögurra tíma fjarnámskeið, fyrir fullorðna enskumælandi einstaklinga með ADHD. Lögð er áhersla á hagnýtar aðferðir til að takast á við þær áskoranir sem geta fylgt ADHD og leiðir til að nýta styrkleika hvers og eins. Foreldrahlutverkinu eru einnig gerð góð skil. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar og Vinnumálastofnunnar.

### Áfram stelpur

Færninámskeið sem þróað var vegna óska félagsmanna um námskeið sem sérstaklega væri ætlað konum með ADHD. Námskeiðið telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 3 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins og hefur það fengið afar góðar viðtökur. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar og Vinnumálastofnunnar.

### Kærleikur í Kaos

Fimm þátta vefnámskeið fyrir aðstandendur barna með ADHD, byggt á dönsku námskeiði. Námskeiðið er opið allan sólarhringinn, allan ársins hring og er ókeypis fyrir félagsfólk ADHD samtakanna.

### ADHD og fjármál

Fjögurra tíma fjarnámskeið um fjármál, með aðferðum sem virka fyrir fólk með ADHD. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

### Polski ADHD seminar

Fjögurra tíma fjarnámskeið, fyrir fullorðna pólskumælandi einstaklinga með ADHD. Lögð er áhersla á hagnýtar aðferðir til að takast á við þær áskoranir sem geta fylgt ADHD og leiðir til að nýta styrkleika hvers og eins. Foreldrahlutverkinu eru einnig gerð góð skil. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar og Vinnumálastofnunnar.

### Skólaumhverfið og ADHD

Þrjú tíma fjarnámskeið fyrir starfsfólk grunnskóla og tómskundamiðstöðva sem ekki starfa við kennslu.

### Áfram veginn!

Fjögurra tíma fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD um áskoranir daglegs lífs og leiðir til að ná tökum á þeim og njóta lífsins með ADHD. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar og Vinnumálastofnunnar.

Kærleikur í kaos - rafrænt foreldranámskeið

# Kærleikur í kaos, rafrænt foreldranámskeið



# YTRI MARKAÐSETNING

## Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar spila æ ríkara hlutverk í upplýsingamiðlun samtakanna. Nú starfrækja ADHD samtökin átta Facebook síður (aðalsíða samtakanna og útibúin) og eina Instagram síðu og koma auk þess með virkum hætti að starfi sjö öflugra Facebook hópa um ýmis málefni.

Fylgjendur samtakanna á Facebook voru í árslok 19.467 (fjölgaði um 3% á árinu) og 2836 á Instagram (fjölgaði um 5% á árinu). Þátttakendur í þeim spjallhópum sem samtökin koma að hefur einnig fjölgað og eru þar ríflega 32.000 þátttakendur samanlagt.



## ADHD í Beinni

Facebook síðan „ADHD í beinni“ hefur notið vaxandi vinsælda en þar er streymt ýmsum viðburðum samtakanna s.s. fundum og fyrirlestrum. Ofangreint svæði er opið fyrir alla skuldlausa félagsmenn samtakanna.


## Lífið með ADHD

Lífið með ADHD – hlaðvarp ADHD samtakanna lá í dvala árið 2025.


# Fjölmiðlaumfjöllun

Samtökin standa fyrir og hafa áhrif á að fjallað sé um efni er snerta málaflokkinn með ýmsum hætti. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur úr stjórn samtakanna sátu reglulega fyrir svörum og voru áberandi í fjölmiðlum, bæði útvarpi og sjónvarpi, þegar málefni tengd ADHD röskuninni voru til umræðu.

Samkvæmt samantekt Creditinfo á fjölmiðlaumfjöllun um samtökin dró nokkuð úr umfjöllun fjölmiðla um ADHD á milli ára, ekki síst á vefnum – sjá nánar hér:




Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2025



Þróun fjölda fréttanna árið 2025 samanborið við 2024

	2025	2024
Netmiðlar	21	31
Prentmiðlar	3	5
Sérvefir	0	6
Sjónvarp/Útvarp	2	8
<b>Samtals</b>	<b>26</b>	<b>50</b>

Þróun fjölda fréttu árið 2025 samanborið við 2024



Yfirlitskort af útibúum ADHD samtakanna

## Landsbyggðin

ADHD samtökin hafa á undanförunum árum stutt við starfsemi á landsbyggðinni. Útibúin eru nú sjö talsins, öll hafa þau sérstaka Facebook síðu. Starfsemin var minni árið 2025 m.a. vegna sparnaðar og einnig vegna nýs fyrirkomulags á fræðslufundum. Fræðslufundir eru núna í beinu streymi fyrir félagsfólk. Öllum útibúum var þó boðið að halda a.m.k. einn fræðslufund á staðnum og voru þrír slíkir fundir haldnir.

# Ályktanir og umsagnir

Stjórn samtakanna beitti sér mér ýmsum hætti opinberlega á árinu. Auk greinaskrifa og viðtala í fjölmiðlum sendu samtökin frá sér eina ályktun, eina alþjóðlega grein og tvær formlegar umsagnir.

## Ályktanir og áskoranir:

**Mars** – Ályktun aðalfundar þar sem þungum áhyggjum er líst yfir óboðlegur aðgerðarleysi og bágri stöðu í málefnum fólks með ADHD. Í ályktuninni er skorað á nýja ríkisstjórn að grípa til róttækra aðgerða til að bæta ástandið og mikilvægustu aðgerðir undirstrikaðar.

## Umsagnir og athugasemdir:

**Janúar** – Formlegt umsögn um „Grænbók um stöðu ADHD-mála á Íslandi“ sem unnin var að nefnd á vegum Heilbrigðisráðuneytisins. Umsögnin var ítarleg, afar gagnrýnin og henni fylgdu fjöldi tillagna til úrbóta.

**Máí** – Formlegt erindi til World Federation on ADHD vegna alþjóðlegs staðals sem samtökin gefa út, um málefni tengd ADHD. Í erindi ADHD samtakann, sem m.a. var stutt af systursamtökum okkar á norðurlöndum, var með ítarlegum hætti rökstutt að tíðni ADHD ætti að vera talin hærri, en núverandi staðlar WFADHD gefa upp. Formleg endurskoðun staðlana hófst skömmu síðar, þar sem athugasemdir ADHD samtakanna eru m.a. til meðferðar.



**Desember** – Formaður samtakanna, Vilhjálmur Hjálmarsson, birti ítarlega grein í norræna geðlæknaritinu The Nordic Psychiatrist undir yfirskriftinni „Is ADHD being over-diagnosed and over-treated in Iceland... Or is Iceland simply ahead of the rest?“

Desember 2024

## Grænbók um stöðu ADHD-mála á Íslandi

Biðlistar og lyfjanotkun

# Málþing – krefjandi hegðun barna með ADHD

Í tilefni af alþjóðlegum vitundarmánuði fólks með ADHD héldu samtökin opið málþing í lok október, venju samkvæmt. Yfirskrift málþingsins var „Krefjandi hegðun barna með ADHD“ og var því ætlað að varpa ljósi þætti sem ýta undir slíka hegðun og raunhæfar leiðir til að fyrirbyggja og styðja við börn, foreldra og starfsfólk skóla. Málþingið var haldið í góðu samstarfi við Sjónarhól, ráðgjafarmiðstöð.

Á málþinginu, sem haldið var í Gala salnum í Kópavogi og var afar vel sótt (yfir 300 þátttakendur) og einnig í streymi, voru flutt afar áhugaverð erindi um málefnið. Þau sem fram komu á málþinginu voru **Vilhjálmur Hjálmarrson**, formaður ADHD samtakanna, **Atli F. Magnússon**, klínískur atferlisfræðingur, **Signý Gunnarsdóttir**, talmeinafræðingur, **Dr. Sharon Saline**, sálfræðingur, **Guðbjörg Þórlindsdóttir**, iðjubjálfi, **Heiða Guðmundsdóttir**, grunnskólakennari, **Soffía Ámundadóttir**, kennari við HÍ og **Bóas Valdrósson**, varaformaður ADHD samtakanna og framkvæmdastjóri Sjónarhóls, sem stýrði málþinginu.

Í upphafi málþingsins var **Sólveig Ásgrímsdóttir**, sálfræðingur og fyrrum stjórnarkona í ADHD samtökunum, heiðruð fyrir brautryðjendastarf sitt í þágu fólks með ADHD. Sólveig hefur lengi barist fyrir bættum skilningi á ADHD og er m.a. höfundur bókarinnar ADHD í flughálku, sem ætluð er foreldrum ungmenna með ADHD. Á málþinginu voru sem fyrr segir Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í fimmta sinn en þau hlaut **Sara Rós Kristinsdóttir**.

Þéttsetið málþing í Gala salnum Kópavogi



# SAMSTARF



## Norrænt samstarf

ADHD samtökin hafa um árabil verið aðilar að norrænu samstarfi og er það samtökunum afar mikilvægt að vinna með frændþjóðum okkar að ýmsum sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Að þessu sinni var ársfundurinn haldinn í Reykjavík, í umsjón ADHD samtakanna og var hann haldinn í apríl. Til fundarins mættu í fyrsta sinn, fulltrúar frá öllum átta norrænu löndunum, þar með talið Grænlandi sem tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

## ADHD Europe

Samtökin eru meðlimir í ADHD Europe og er framkvæmdastjóri samtakanna, Hrannar B. Arnarsson varaforseti samtakanna. Auk Hrannars starfa ýmsir úr stjórn og starfsfólk samtakanna í ráðum og nefndum ADHD Europe. Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í aðalfundi samtakanna í London.

## CHADD

Stjórn ADHD samtakanna ákvað að taka ekki þátt í CHADD árið 2025, bæði vegna fjárhagsstöðu samtakanna og ótryggrar stöðu í bandarískum stjórnámum og þjóðlífi, með tilkomu Trump stjórnarinnar.



Stjórn ADHD Europe, árin 2024 - 2027

## ADHD World Federation

ADHD samtökin hafa verið aðilar að ADHD World Federation síðan árið 2023. Árið 2025 sóttu framkvæmdastjóri og formaður þing samtakanna í Prag sem tókst vel í hvívetna. Á þinginu fylgdu þeir m.a. eftir formlegu erindi ADHD samtakanna um breytingar á alþjóðlegum staðli WFADHD um tíðni ADHD í heiminum, en staðall þessi gegnir lykilhlutverki í umræðu og mótun stefnu og þjónustu fyrir fólk með ADHD í heiminum. Athugasemdir ADHD samtakanna eru nú til meðferðar við formlega endurskoðan staðlanna.

## Samstarf og starfshópar

Fulltrúar ADHD samtakanna hafa unnið ötullega með ÖBÍ réttindasamtaka í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Formaður samtakanna, **Vilhjálmur Hjálmarsson**, er varaformaður ÖBÍ.

Samtökin eru aðili að Almannaheillum og situr **Tryggvi Axelsson** í stjórn samtakanna. Sem einn af stofnaðilum ráðgjafarmiðstöðvar Sjónarhóls skipa samtökin fulltrúa í stjórn þeirra og gegnir **Hrannar B Arnarsson**, framkvæmdastjóri samtakanna nú formennsku í stjórn Sjónarhóls.

## Helstu áherslur

Stór hluti af starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hefur þetta einkum snúið að vinnu stjórnvalda við Grænbók um ADHD málefni, lyfjaumræðu, réttindum fólks með ADHD í umferðinni, óviðunandi þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD, þjónustu geðlækna- og sálfræðinga og annarra atriða er snerta réttindi einstaklinga með ADHD, til að mynda rétt þeirra til náms. Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi hefur einnig verið í brennidepli á liðnum misserum.

Þrátt fyrir stöðugt ákall ADHD samtakanna, ítrekaðar skýrslur stjórnvalda um stöðuna og sífellt lengri biðlista eftir greiningum og meðferð, hefur ríkisvaldið lítið sem ekkert brugðist við vandanum. Þörfin á auknu fjármagni til faglegra greininga er og hefur verið æpandi, enda er biðtími barna og fullorðinna með ADHD eftir þjónustu ríkisins nú 2-10 ár – sá lengsti í gervöllu heilbrigðiskerfinu á Íslandi.

Að mati ADHD samtakanna eru brýnustu verkefnin þessi:

- Tvö- til þrefalda þarf afkastagetu ADHD teyma heilsugæslunnar, bæði Geðheilsuteymis ADHD fyrir fullorðna og Geðheilsumiðstöðvar barna. Afkastageta hjá teymunum þarf amk að tvöfaldast strax á þessu ári og stórefla þarf möguleika þeirra til að veita stuðning og meðferð, aðra en lyfjagjöf.
- Lögfesta þarf og innleiða heildstæða skráningu, upplýsingaaðgengi og eftirlit með greiningum og meðferð vegna ADHD og tryggja þannig faglegan og skilvirkan grundvöll fyrir alla þjónustu við fólk með ADHD – bæði hjá hinu opinbera og einkareknum þjónustum.
- Stórefla þarf fræðslu um ADHD og aðrar raskanir í grunnnámi kennara og meðal annars starfsfólks í skólum landsins, þannig að allir skólar geti tekist á við það hlutverk sitt að mæta þörfum allra barna í samræmi við þarfir hvers og eins.
- Efna þarf margítrekuð fyrirheit stjórnvalda og loforð allra stjórnmalaflokka um að niðurgreiða þjónustu sálfræðinga og annarra sambærilegra stétta.

# Starfsmannamál

Starfsmenn samtakanna voru í lok árs þrír talsins.

**Hrannar Björn Arnarsson** framkvæmdastjóri í 100% starfi.

**Elín Hoe Hinriksdóttir** sérfræðingur í 100% starfi.

**Jóna Kristín Gunnarsdóttir** verkefnastjóri fræðslumála í 100% starfi.

**Guðni Rúnar Jónasson** starfaði einnig hjá samtökunum megnið af árinu, en lét af störfum vegna veikinda seinni part árs.

Líkt og fyrri ár lögðu stjórnarmenn ADHD samtakanna á sig talsverða vinnu fyrir samtökin í þeim verkefnum sem fyrir lágu ásamt forsvarsmönnum útibúa. **Erna Sigrún** og **Sigríður Pedersen** stóðu vaktina hjá ADHD Norðurlandi. **Ása Ingibergsdóttir** og **Ásta Björk Guðnadóttir** hjá ADHD Eyjum. **Sigurlín H. Kjartansdóttir** fyrir ADHD Austurland. **Helga Helgadóttir**, **Inga Dóra Ragnarsdóttir** og **Violette Meyssonier** fyrir ADHD Suðurland. **Hjördís Ólafsdóttir**, **Hólmfríður Árnadóttir**, **Heiða Ingólfssdóttir**, **Hanna Birna Valdimarsdóttir** og **Sigrún Bjarglind Valdimarsdóttir** fyrir ADHD Suðurnes. **Lilja Gréta**, **Josefina Morell** og **Stefanía Björg Jónsdóttir** fyrir ADHD Vesturland og **Helena Jónsdóttir** og **Sigríður Álfhildardóttir** fyrir ADHD Vestfirði. Framlag þeirra er mikils virði fyrir samtökin en öll þeirra vinna er unnin í sjálfboðastarfi.



**Hrannar Björn Arnarsson**

Framkvæmdastjóri  
Netfang: hrannar@adhd.is



**Elín H. Hinriksdóttir**

Sérfræðingur  
Netfang: elin@adhd.is



**Guðni Rúnar Jónasson**

Verkefnastjóri  
Netfang: gudni@adhd.is



**Jóna Kristín Gunnarsdóttir**

Verkefnastjóri fræðslumála ADHD samtakanna  
Netfang: jonakristin@adhd.is

# Stjórn samtakanna

Aðalfundur samtakanna var haldinn þann 6. mars 2025. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti fundurinn ályktun um alvarlega stöðu í málefnum fólks með ADHD og skoraði á nýja ríkisstjórn að grípa til tafarlausra aðgerða.

Í samræmi við lög samtakanna var kjorið í helming stjórnarsæta til ársins 2027 en stjórn ADHD samtakanna skipa sjö aðalmenn og tveir til vara. **Gyða Haraldsdóttir** gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem varaformaður og var **Bóas Valdórsson** kjörinn í hennar stað. Gyða gaf hinsvegar kost á sér í stjórn sem meðstjórnandi í stað Bóasar og gekk það eftir. Þá var nýr varamaður, **Heiða Vigdís Sigfúsdóttir** kjörin í varastjórn í stað **Bergþórs Heimis Þórðarsonar**.

## Stjórnin samtakanna árið 2025-2026 var þannig skipuð:

**Vilhjálmur Hjálmarsson**, formaður (kosinn til aðalfundar 2027)

**Bóas Valdórsson**, varaformaður (kosin til aðalfundar 2027)

**Elín Hrefna Garðarsdóttir**, gjaldkeri (kosin til aðalfundar 2026)

**Tryggvi Axelsson**, ritari (kosinn til aðalfundar 2026)

**Sigrún Jónsdóttir**, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2026)

**Gyða Haraldsdóttir**, meðstjórnandi (kosinn til aðalfundar 2027)

**Ása Ingibergsdóttir**, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2026)

## Varamenn:


**Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir**, (kosin til aðalfundar 2026)

**Heiða Vigdís Sigfúsdóttir**, (kosinn til aðalfundar 2027)

Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir sagði sig frá stjórnarstörfum í ágúst 2025 vegna persónulegra aðstæðna. Stjórn samtakanna fundaði 6 sinnum á liðnu ári, yfirleitt fyrsta mánudag í mánuði.

Samþykkt á stjórnarfundum 28. apríl 2026.

Fyrir hönd stjórnar,



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður



# ÁRSREIKNINGUR

# ADHD samtökin fta.

Ársreikningur  
2025

ADHD samtökin fta.  
Háaleitisbraut 13  
108 Reykjavík  
590588-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

# Efnisyfirlit

Ársreikningur 2025

---

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Efnahagsreikningur .....	8
Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna .....	5	Sjóðstreymi .....	10
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings .....	6	Skýringar .....	11
Rekstrarreikningur .....	7		

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2025

ADHD samtökin fta. eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir. Samtökin voru stofnuð árið 1988 og hétu þá Foreldrafélag misþroska barna. Á árinu 2022 voru ADHD samtökin samþykkt sem félag til almannaheilla, í samræmi við lög þar um. Stjórn samtakanna hefur einnig sett sér starfsreglur í samræmi við nýjar samþykktir fyrir ADHD samtökin fta.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.

Liðið ár einkenndist af miklu aðhaldi í rekstri, eftir talsverða úþþennslu og vöxt á liðnum árum. Starfsfólki fækkaði og kostnaði við fræðslu og viðburðarhald var haldið í lágmarki. Árið var engu að síður nýtt vel til að sinna brýnum hagsmunamálum, upplýsingagjöf, fræðslustarfi og námskeiðahaldi um allt land. Félagsmönnum fjölgaði úr 4.776 í 5.004 eða um 5%.

Á árinu var starfsemi í öllum sjö útibúum samtakanna, mikil áhersla var lögð á samtal við stjórnvöld um stefnumörkun í málefnum fólks með ADHD, ekki síst í baráttu fyrir bættri og aukinni þjónustu við greiningar og meðferð vegna ADHD. Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna voru veitt í fimmta sinn á árinu og hlaut Sara Rós Kristinsdóttir viðurkenninguna að þessu sinni.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Að áliti stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2025, afkomu árið 2025 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu störfuðu að meðaltali rúmlega 3 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 49 millj. kr. Að auki greiddi félagið 1 millj. kr. í bifreiðastyrk og 11,7 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 1,4 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur


Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu 2025 að fjárhæð 15,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 18,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025.


Reykjavík, 20/ mars 2026

Stjórn:


  
Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður


  
Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri

  
Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir


  
Ása Ingibergsdóttir

Framkvæmdastjóri:

  
Hrannar Arnarsson

  
Bóas Valdórsson, varaformaður

  
Tryggvi Axelsson, ritari

  
Sigrún Jónsdóttir

# Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna


Ársreikningur 2025

Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við höfum látið í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 29/ mars 2026

  
Arný Ingvarsdóttir

  
Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Ársreikningur 2025

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna fta.

## Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

## Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við íslensk lög og venjur, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt venjum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2025, efnahag þann 31. desember 2025 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 20 mars 2026

APaL ehf.

*Sigr. Arnarsd.*

# Rekstrarreikningur 2025

Ársreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur .....	2, 10	122.498.923	104.940.570
Aðrar tekjur .....	11	53.872	249.210
		<u>122.552.795</u>	<u>105.189.780</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Fræðsla, kynningar og fjáröflun .....	12	31.219.099	30.890.351
Laun og launatengd gjöld .....	13	64.234.119	70.861.613
Húsnæðiskostnaður .....	15	2.599.646	3.709.942
Annar rekstrarkostnaður .....	16	9.296.577	12.023.316
		<u>107.349.441</u>	<u>117.485.222</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....		<u>15.203.354</u>	<u>( 12.295.442)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur .....	17	190.891	313.846
Fjármagnsgjöld .....	18	( 254.447)	( 173.707)
		<u>( 63.556)</u>	<u>140.139</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>		<u>15.139.798</u>	<u>( 12.155.303)</u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2025

		<b>Eignir</b>		
		Skýr.	2025	2024
<b>Fastafjármunir:</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteign .....	19	20.764.733	20.764.733	
Fastafjármunir samtals	5, 19	20.764.733	20.764.733	
Fastafjármunir samtals			20.764.733	20.764.733
<b>Veltufjármunir</b>				
Birgðir .....		5.700.000	6.400.000	
Viðskiptakröfur .....	6	374.851	467.378	
Handbært fé .....	8	8.939.221	283.312	
		15.014.072	7.150.690	
<b>Eignir samtals</b>			35.778.805	27.915.423

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# 31. desember 2025

Ársreikningur 2025

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2025	2024
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé .....		14.142.951	( 996.847)
	20	<u>18.764.145</u>	<u>3.624.347</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Bankalán .....		0	3.962.354
Aðrar skammtímaskuldir .....		17.014.660	20.328.722
		<u>17.014.660</u>	<u>24.291.076</u>
	Skuldir samtals	<u>17.014.660</u>	<u>24.291.076</u>
	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<u><u>35.778.805</u></u>	<u><u>27.915.423</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Yfirlit um sjóðstreymi 2025

Ársreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarafkoma .....		15.139.798	( 12.155.303)
Veltufé frá (til) rekstrar		15.139.798	( 12.155.303)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		700.000	767.646
Skammtíma kröfur, lækkun (hækkun) .....		92.527	1.902.347
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....	(	3.314.062)	5.096.646
Handbært fé frá (til) rekstrar		12.618.263	( 4.388.664)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Bankalán .....	(	3.962.354)	3.962.354
	(	3.962.354)	3.962.354
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		8.655.909	( 426.310)
<b>Handbært fé í upphafi ársins .....</b>		283.312	709.622
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		8.939.221	283.312

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Skýringar

Ársreikningur 2025

## Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrir árið 1. janúar til og með 31. desember 2025.

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið, að undanskyldum félagsgjöldum sem eru til tekna við innheimtu.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

### *Fjármagnskostnaður*

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

### *Viðskiptakröfur*

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

### *Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra*

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra hefur því verið færð niður í samsvarandi fjárhæð í gegnum eigið fé, en er í innheimtufærli.

## Skýringar, frh:

Ársreikningur 2025

### Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að fráregnum yfirdrætti á bankareikningum.

### Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

## Rekstrarreikningur

### Tekjur

	2025	2024
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir .....	55.097.061	43.251.859
Framlög frá Ríkissjóði .....	15.634.426	13.000.000
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands .....	13.709.532	15.116.048
Styrkir sveitarfélaga .....	3.290.116	3.549.512
Evrópuverkefni Childs talks .....	0	457.963
Framlög vegna Reykjavíkumaráðs .....	825.477	238.510
	<u>88.556.612</u>	<u>75.613.892</u>
Félagsgjöld .....	11.983.750	11.798.153
Námskeið .....	12.875.975	12.738.570
Fyrirlestrar og fræðsla .....	2.180.000	2.126.750
Málþing .....	3.842.000	365.000
Styrkur vegna ráðstefnu .....	632.064	0
	<u>19.530.039</u>	<u>15.230.320</u>
Vörusala og seldar bækur .....	1.633.690	1.937.319
Endurskinsmerki .....	794.832	360.886
	<u>2.428.522</u>	<u>2.298.205</u>
Tekjur samtals .....	<u>122.498.923</u>	<u>104.940.570</u>
11. Aðrar tekjur		
Tekjur vegna gámaleigu .....	53.872	186.437
CHADD ráðstefna .....	0	62.773
	<u>53.872</u>	<u>249.210</u>

## Skýringar, frh:

Ársreikningur 2025

### *Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu*

	2025	2024
12. Fræðsla, kynningar og fjáröflun:		
Kostnaður við námskeið .....	6.506.036	9.962.502
Málþing .....	982.513	612.400
Spjallfundir .....	948.828	613.861
Ráðstefnur .....	817.817	196.492
Markaðs- og fræðslukostnaður .....	910.678	2.123.478
KIK- kærleikur í kaos .....	0	1.921.542
	<u>10.165.872</u>	<u>15.430.275</u>
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun .....	18.406.821	13.579.003
Kostnaðarverð seldra vara .....	1.054.817	331.726
Bækur .....	346.554	492.942
Birgðabreyting .....	700.000	767.646
Útgáfa bæklinga .....	320.422	32.702
Burðargjöld .....	224.613	256.057
	<u>21.053.227</u>	<u>15.460.076</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>31.219.099</u>	<u>30.890.351</u>

### *Laun og launatengd gjöld*

13. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun .....	49.019.892	56.287.792
Áunnið orlof .....	2.500.000	0
Ökutækjastyrkur .....	1.005.000	1.163.571
Lífeyrissjóður .....	7.208.707	8.168.405
Tryggingagjald .....	3.634.329	4.166.860
Önnur launatengd gjöld .....	866.191	1.074.985
	<u>64.234.119</u>	<u>70.861.613</u>
Meðalfjöldi starfsmanna .....	3,5	4,5

## Skýringar, frh:

Ársreikningur 2025

	2025	2024
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
15. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar .....	893.213	1.279.434
Fasteignagjöld .....	255.696	245.238
Viðhald húsnæðis .....	1.314.417	2.021.730
Salarleiga .....	0	37.500
Annar rekstrarkostnaður fasteignar .....	136.320	126.040
	<u>2.599.646</u>	<u>3.709.942</u>
16. Annar rekstrarkostnaður		
Hlutdeild í launum húsfélags og þroskahjálpar .....	0	315.008
Árgjöld .....	227.301	237.627
Fundakostnaður .....	486.953	314.116
Samskiptakostnaður .....	257.069	559.913
Skrifstofuvörur .....	89.004	77.952
Áhöld og tæki .....	366.453	211.673
Rekstur tölvukerfis .....	596.234	385.815
Rekstur heimasíðu .....	269.036	1.843.633
Bókhaldsþjónusta og gerð ársreiknings .....	3.460.048	3.724.012
Dagpeningar .....	209.530	486.234
Ferðakostnaður .....	677.942	2.138.837
Annar starfsmannatengdur kostnaður .....	381.758	578.792
Banka- og þjónustugjöld .....	2.200.610	1.125.313
Gjafir og styrkir .....	65.067	20.000
Annar kostnaður .....	9.572	4.391
	<u>9.296.577</u>	<u>12.023.316</u>

## Skýringar, frh:

Ársreikningur 2025

### Rekstrarkostnaður, framhald

2025 2024

### Fjármunatekjur

17. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtatekjur .....	190.891	313.846
-------------------	---------	---------

### Fjármagnsgjöld

18. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld .....	254.317	174.331
Fjármagnstekjuskattur .....	130	( 624)
	<u>254.447</u>	<u>173.707</u>

### Varanlegir rekstarfjármunir

19. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

Fasteign

2024

Heildarverð 01.01. ....	20.764.733
Bókfært verð 31.12. ....	<u>20.764.733</u>

2025

Heildarverð 01.01. ....	20.764.733
Bókfært verð 31.12. ....	<u>20.764.733</u>

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 og F2246700 nemur 10,6% á hvoru fastanúmeri. Fasteignamat eignarhlutarins nemur 26 millj. kr. og brunabótamat 45 millj. kr. Eignin er veðbandslaus.

## Skýringar, frh:

Ársreikningur 2025

### Eigið fé

20. Yfirlit um eigið fé:

2024	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01. ....	4.621.194	11.158.456	15.779.650
Tap ársins .....		( 12.155.303)	( 12.155.303)
Eigið fé 31.12. ....	4.621.194	( 996.847)	3.624.347
<b>2025</b>			
Eigið fé 01.01. ....	4.621.194	( 996.847)	3.624.347
Hagnaður ársins .....		15.139.798	15.139.798
Eigið fé 31.12. ....	4.621.194	14.142.951	18.764.145